

Ár 2012, fimmtudaginn 21. júní, er dómþing Dómstóls Íþróttá- og Ólympíusambands Íslands (ÍSí) haldið af Sigurði I. Halldórssyni dómara í dómstól ÍSí að Suðurlandsbraut 8, Reykjavík.

Fyrir er tekið: Mál nr. 10/2012.

Lyfjaráð ÍSí

gegn

Karli Halldóri Eysteinsyni

Í málinu er kveðinn upp svofelldur

DÓMUR

I.

Mál þetta er höfðað með kæru Lyfjaráðs ÍSí, dagsettri 10 maí 2012 og mótttekinni af skrifstofu ÍSí 11. maí 2012.

Kærði er Karl Halldór Eysteinson, kt. 300577-3699 Heiðarholti 4, Keflavík, skráður félagi í Massa.

Kröfur kæranda:

Þess er krafist að með dómi Dómstóls ÍSí verði kærði, frá uppkvaðningu dóms í máli þessu að telja, dæmdur til tveggja ára óhlutgengis til þátttöku í æfingum, keppni og sýningum sem fram fara á vegum ÍSí, sambandsaðila þess eða félaga eða deilda innan þeirra. Ennfremur er þess krafist að kærði verði sviptur rétti til að gegna trúnaðarstörfum fyrir ÍSí, sambandsaðila þess eða félaga eða deilda innan þeirra á þeim tíma sem keppnis-, æfinga og sýningabann nær til.

Sigurður I. Halldórsson dómari í Dómstól Íþróttá- og Ólympíusambands Íslands fékk mál þetta til afgreiðslu sama dag og kæran barst skrifstofu ÍSí. Með bréfi dagsettu 14. maí 2012 var kærða gefinn kostur á að koma að sínum sjónarmiðum/halda upp vörnum vegna kærunnar með greinargerð til dómstólsins, sem bærst dómstólnum eigi síðar en 24. maí 2012.

Engin greinargerð barst af hálfu kærða.

Við þingfestingu málsins þann 15. júní sl. voru lögð fram eftirtalin skjöl:

- Nr. 1. Kæra dagsett 10. maí 2012.
- Nr. 2. Afrit af skýrslu Lyfjæftirlitsnefndar ÍSÍ til Lyfjaráðs ÍSÍ varðandi málið, dags. 16.04.2012.
- Nr. 3. Afrit af lyfjæftirlitseyðublaði nr. 003153, varðandi umrætt lyfjæftirlit.
- Nr. 4. Afrit af niðurstöðum úr greiningu á A-sýni, frá Huddinge Universitetssjúkhus í Svíþjóð dags. 03.04.2012.
- Nr. 5. Afrit úr iðkendalista MASSA fyrir árið 2011-2012.
- Nr. 6. Afrit af yfirlýsingum kærða um móttöku niðurstöðu úr greiningu á A-sýni dags. 11.04.2012.
- Nr. 7. Listi WADA yfir bönnuð efni og aðferðir, sem í gildi var innan ÍSÍ þann 26. 02.2012.
- Nr. 8. Bréf Dómstóls ÍSÍ til kærða dags. 14.05.2012.

II.

Í kæru er málavöxtum lýst þannig að kærði sé félagsmaður í MASSA, sbr. meðfylgjandi afrit úr iðkendalista MASSA fyrir árið 2011-2012.

Þann 26. febrúar 2012 var kærði boðaður í lyfjæftirlit á meðan hann var við æfingar í húsnæði MASSA í Njarðvík. Gekkst kærði undir lyfjæftirlitið og lét í té þvagsýni (A- og B-sýni), sem sent var til greiningar á Huddinge Universitetssjúkhus í Svíþjóð.

Niðurstöður greiningar á A-sýni bárust Lyfjæftirlitsnefnd ÍSÍ þann 4. apríl sl. og sýndu niðurstöðurnar að í sýninu var að finna niðurbrotsefni Nandrolone, 19-Nor-Androsterone, sem er í flokki S1 á lista WADA yfir bönnuð efni og aðferðir (bannlista WADA). Styrkur 19-Nor-Androsterone í þvagsýninu var 26 ng/ml.

Kærða var gerð grein fyrir niðurstöðum úr greiningu á A-sýni við skýrslutöku þann 11. apríl sl.. Kærða var boðið að láta greina B-sýnið til staðfestingar niðurstöður A-sýnis.

Kærði óskaði ekki eftir því að B-sýni sitt yrði greint. Að öðru leyti vísast til meðfylgjandi skýrslu Lyfjæftirlitsnefndar ÍSÍ um málavexti.

III.

Kærandi vísar kröfum sínum til stuðnings til þess að samkvæmt gr. 4.1.1. í lögum ÍSÍ um lyfjamál gildir bannlisti WADA innan ÍSÍ og á m.a. við alla skráða félagsmenn í félögum innan sambandsaðila ÍSÍ, sbr. gr. 1.2.1. Samkvæmt gr. 2 í lögum ÍSÍ um lyfjamál er lyfjamisnotkun bönnuð og telst brot m.a. framið ef efni sem bannað er að nota samkvæmt bannlista WADA, niðurbrotsefni bannaðs efnis eða önnur efni sem gefa til kynna tilvist bannaðs efnis, finnast í sýni sem íþróttamaður gefur við lyfjaeftirlit (gr. 2.1). Með vísan til lýsingar á málavöxtum og framlagðra sönnunargagna er það mat Lyfjaráðs ÍSÍ að kærði hafi með háttsemi sinni gerst sekur um lyfjamisnotkun.

Varðandi refsingu kærða bendir kærandi á að samkvæmt gr. 10.2 í lögum ÍSÍ um lyfjamál skal refsing fyrir fyrsta brot vera að lágmarki tveggja ára óhlutgengi. Í síðari liðum 10. gr. laga ÍSÍ um lyfjamál er fjallað um óhlutgengi fyrir önnur brot á lyfjareglum svo og um þau tilvik þegar íþróttamaður neytir efna sem sérstaklega eru tilgreind og þegar aðstæður eru með þeim hætti að íþróttamaður eða annar einstaklingur getur sýnt fram á hvernig sérstaklega tilgreint efni komst inn í líkama hans eða komst í eigu hans og að slík sérstaklega tilgreint efni hefur ekki verið ætlað til að bæta árangur íþróttamannsins eða fela notkun á árangursbætandi efni.

Að mati kæranda eiga sjónarmið og reglur um vægari refsingu ekki við í þessu máli varðandi lengd keppnisbanns kærða en lyf það sem kærði neytti flokkast sem vefaukandi efni, (flokkur S1).

Lágmarksrefsing við broti þar sem lyf í þeim flokki koma við sögu er tveggja ára keppnisbann og miðast krafa kæranda við þann tíma.

IV.

Að framan er rakið að kærði gerði ekki athugasemdir við kröfur kæranda. Ekki er um það deilt að kærði gerðist með háttsemi sinni sekur um lyfjamisnotkun og braut þar með gegn ákvæðum laga ÍSÍ um lyfjamál.

Það er í verkahring dómsins að ákveða refsingu í málum sem höfðuð eru fyrir dómstólnum. Dómkröfur kæranda eru því ekki bindandi fyrir dóminn en rétt er að horfa til þeirra við ákvörðun refsingar.

Við skýrslutöku hjá Lyfjaeftirlitsnefnd ÍSÍ gaf kærði þær skýringar á hegðan sinni að hann hafi ekki verið með áætlanir um að keppa í greininni heldur einungis að nýta sér æfingaaðstöðuna hjá Massa. Hann

kvaðst ekki muna nafnið á þeim töflum sem hann tók og neitar að segja frá hvar hann fékk efnið eða hjá hverjum.

Ekkert hefur komið fram í máli þessu sem gefur tilefni til annars en að beita ákvæðum gr. 10.2 í lögum ÍSÍ um lyfjamál þegar refsing kærða er ákveðin.

Með vísan til framanritaðs er fallist á kröfur kæranda þess efnis að kærði verði, frá uppkvaðningu dóms í máli þessu að telja, dæmdur til tveggja ára óhlutgengis til þátttöku í æfingum, keppni og sýningum sem fram fara á vegum ÍSÍ, sambandsaðila þess eða félaga eða deilda innan þeirra. Ennfremur að kærði verði sviptur rétti til að gegna trúnaðarstörfum fyrir ÍSÍ, sambandsaðila þess eða félaga eða deilda innan þeirra á þeim tíma sem keppnis-, æfinga og sýningabann nær til.

Sigurður I. Halldórsson dómari í dómstól ÍSÍ kveður upp dóm þennan. Skrifstofa ÍSÍ mun annast birtingu hans gagnvart kærða.

DÓMSORÐ

Kærði, Karl Halldór Eysteinnsson, er dæmdur til tveggja ára óhlutgengis til þátttöku í æfingum, keppni og sýningum sem fram fara á vegum ÍSÍ, sambandsaðila þess eða félaga eða deilda innan þeirra. Ennfremur er kærði sviptur rétti til að gegna trúnaðarstörfum fyrir ÍSÍ, sambandsaðila þess eða félaga eða deilda innan þeirra í tvö ár, allt frá uppkvaðningu dóms þessa að telja.

Sigurður I. Halldórsson